



ÚTIVIST

2021



FRÍTT
eintak

utivist.is



Fjölbreyttar göngu- og hjólaferðir til Evrópu

Kíktu inn á ferdir.fjallakofinn.is og skoðaðu úrvalið




Einnig skipuleggjum við sérferðir fyrir einstaklinga og hópa

Hafið samband við okkur á ferdir@fjallakofinn.is
eða í síma **5109500**

GARMIN

GARMIN GPS OG inREACH
SAMSKIPTATÆKNIN
SKILAR OKKUR HEIM.



FENIX 6
SPORT- OG ÚTTVISTARÚR MED
KORTI OG MIKILLI RAFHLÓÐUENDINGU

INREACH MINI
GERVIHNATTA NEYÐARSENDIR,
TRACKER OG SAMSKIPTATÆKI

GPSmap 66s
3" SKJÁR MED FRÁBÆRRI UPPLAUSN
OG TENGJANLEGT VIÐ SNJALLSÍMA

GARMINBÚÐIN

ÖGURHVARFI 2, 203 KÖPVOGUR | Sími: 577 6000 | GARMIN.IS

Ferðaáætlun fylgt úr hlaði



Megin markmiðið með starfsemi Ferðafélagsins Útivistar er að gera einstaklingum kleift að njóta íslenskrar náttúru í góðra vina hópi. Hefur félagið lagt áherslu á að

bjóða alla velkomna, hvort sem þeir eru vanir eða óvanir, en taka jafnframt tillit til mismunandi áhuga og þarfa. Meginþungi félagsstarfsins felst einmitt í því að njóta samverunnar á göngu, í hjólatúr, í jeppaferð eða á gönguskíðum.

Aðalsmerki okkar er, hefur verið og á að vera uppbyggileg samvera fólks með ólíkan bakgrunn sem nýtur þess að vera saman úti í okkar fallegu náttúru. Það hefur því verið skrýtið ástand undanfarna mánuði, eftir að kórónuveirufaraldurinn braust út, þar sem þessi félagslegi þáttur í starfi okkar – að vera í góðum hópi – hefur reynst vera ógn í sjálfa sér. Að sjálfsögðu hefur félagið tekið ábendingar sóttvarnaryfirvalda mjög alvarlega, hvað annað, en óneitanlega hefur þetta haft mikil áhrif á alla starfsemi Útivistar. Útivera, göngur, hjólatúrar og nú þegar farið er að snjóa, skíðaiðkun, er afar mikilvæg til að sporna gegn neikvæðum áhrifum af þeirri miklu einangrun sem margir hafa mátt upplifa í þessari farsótt. Því hefur félagið hvatt félagsmenn til þess að nýta sér ferðaáætlun félagsins sem uppsprettu hugmynda um útvist þó í litlum hópum sé.

Það er við þessar skrýtnu aðstæður sem við ýtum nýrri ferðaáætlun fyrir árið 2021 úr vör. Fljótlega mun sól fara að rísa og við sjáum vonandi fyrir endann á þessari löngu þrautagöngu nú þegar virk bóluefni hafa verið þróuð og fyrir dyrum stendur að hefja bólusetningu landsmanna. Í þessari ferðaáætlun leggjum við upp með metnaðarfulla dagskrá bæði hefðbundinna verkefna sem og nýjunga í bæði leiðarvali og tegund útivistar. Ferðafélagið Útivist leggur áherslu á fjölbreytni og ef þú heillast af útivist eins og við og hefur áhuga á að kynnast frábærum félagsskap þá er Útivist fyrir þig!

Gylfi Arnbjörnsson
formaður Ferðafélagsins Útivistar



ÚTIVIST, ferðafélag
Laugavegi 178 · 105 Reykjavík
Netfang: utivist@utivist.is
Vefsíða: utivist.is

Sími
562 1000

Forsíumynd: Úr Tindfjöllum. Mynd: Fanney Gunnarsdóttir.

Myndir: Edda Þórsdóttir, Fanney Gunnarsdóttir, Grétar W. Guðbergsson, Guðrún Hreinsdóttir, Gunnar Hólm Guðmundsson, Hrafnhildur Skúladóttir, Kristinn Atlason, Leifur Hákonarson, Skúli H. Skúlason, Steinar Frimannsson, Þorleifur Eggertsson, Þorsteinn Sæmundsson, Vala Friðriksdóttir.

Útgefandi: Ritform ehf. í samvinnu við Útivist.

Ábyrgðarmaður: Skúli H. Skúlason.

Auglýsingar og umbrot: Ritform ehf.

Myndvinnsla: Gunnar S. Guðmundsson.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja – Desember 2020



Frítt
Wi-Fi
á völdum N1
þjónustustöðvum

Við tökum vel á móti þér um land allt



Kaffi & croissant

Þú átt það skilið!

Nestí



Kjötsúpa

Alltaf góð

Nestí



N1 kortið færir þér bæði afslátt og punkta

Sæktu um kortið á n1.is og
byrjaðu að spara og safna.



Hamborgari & franskar

Sá allra besta

Nestí



Við erum með þétt net þjónustustöðva
um allt land. Þú finnur hver af þessum
95 stöðvum er næst þér á www.n1.is.

N1

ALLA LEIÐ



Umhverfis Þingvallavatn

Raðganga haustsins 2021 verður umhverfis Þingvallavatn, stærsta náttúrulega stöðuvatn Íslands. Vatnið er talið um 12000 ára gamalt, 83,7 km² að meðöldum eyjunum, sem eru 0,5 km² að stærð. Þær eru Þrjár og heita Sandey, Nesjaey og Heiðarbæjarhólmi. Þar sem vatnið er notað sem miðlunarlón fyrir raforkustöðvar er vatnsyfirborðið örlítið mismunandi, en um 101 m y.s. að meðaltali. Mesta dýpi er um 114 m en meðaldýpi er um 34 m. Saga og náttúrufræguró gerir Þingvallavatn einstakt meðal vatna landsins. Gengið verður umhverfis vatnið í 5 áföngum. Hér er um að ræða léttar láglandisgöngur sem merktar eru sem einn skór.





FEEEL NATURE*



MERINO WOOL

Við höfum öll okkar náttúrlegu hæfileika.
Merino línan okkar er náttúrulega lyktarlaus,
hnökralaus og hlý.



*NJÓTTU NÁTTÚRUNNAR

BUFF® FÆST Í ÖLLUM BETRI ÚTIVISTARVERSLUNUM LANDSINS

© 2017 Buff, a registered trademark, is property of Original Buff, S.p.A. (Spain)

Tindfjallasel

Saga Tindfjalla sem útivistarsvæðis á sér nokkuð langa sögu. Fjallamenn með Guðmund frá Miðdal í fararbroddi sóttu mikið á þetta svæði um miðja síðustu öld. Þeir byggðu fyrsta skálann í Tindfjöllum árið 1941. Þekktustu tindarnir eru Ýmir og Ýma, en af öðrum má nefna Saxa, Búra, Haka, Hornklofa, Sindra og Ásgrindur að ógleymdum Tindi sem svæðið dregur nafn sitt af. Hér er því nóg af toppum til að klífa.

Útivist í samvinnu við Flugbjörgunarsveitina í Reykjavík hefur tekið í notkun nýjan skála í Tindfjöllum sem nefnist Tindfjallasel. Frá Tindfjallaseli er hægt að njóta margs konar útivistar á þessu stórkostlega svæði. Skálinn hentar vel fyrir bælistöðvaferðir, hvort heldur er á gönguskíðum að vetri eða gönguferðir að sumarlagi. Staðsetning skálans býður upp á tengingar við aðra skála t.d. Hungurfit sem er rétt norðan Tindfjallajökuls. Einnig er hægt að ganga frá Tindfjöllum að eyðibýlinu Fossi á Rangárvöllum en þar er boðið upp á gístiaðstöðu.

Tindfjallahringur

Útivist býður núna í fyrsta sinn upp á skemmtilega hringleið eða þríhyrningsleið þar sem gengið er milli þriggja skála. Ekið er á eigin bílum að eyðibýlinu Fossi á Rangárvöllum. Bærinn er staðsettur ofan við Keldur við upphaf Fjallabaksleiðar syðri. Þangað er fært fyrir alla bíla en aka þarf rólega síðasta spölinn. Frá Fossi er gengin einstaklega falleg leið upp með Eystri-Rangá í Hungurfit þar sem gíst er fyrstu nóttina. Á öðrum degi er gengið úr Hungurfitjum á Tindfjöll og jaðri jökulsins fylgt í Tindfjallasel þar sem er gíst. Síðasti göngudagurinn er svo frá Tindfjallaskála að bænum Fossi þar sem gangan hófst og gíst þar síðustu nóttina. Leiðin liggur sunnan við Vörðufell og stefnan tekin á Litla Bláfelli. Komið er að eyðibýlinu Rauðnefsstöðum sem fór í eyði eftir Heklugosið 1947. Farið á vaði yfir Eystri Rangá áður en komið er að Fossi.

Þessi ganga er þrjú skór en hentar öllum göngumönnum í þokkalegu formi. Fyrsta dagleiðin er nokkuð drjúg eða á bilinu 23-25 km eftir leiðarvali. Á öðrum göngudegi er lagt á brattann upp í Tindfjöll og er hækkunin þar um það bil 600 metrar. Síðasta daginn er leiðin um 18,5 km á þokkalega þægilegu göngulandi.



Verndum náttúruna

Stólpi Gámar bjóða upp á salernishús sem hægt er að fá í mörgum stærðum, allt frá stökum gámum með einu salerni upp í stórar samsettar einingar.

Salernin koma með öllum tækjum og lögnum og því tilbúin til notkunar - aðeins þarf að tengja vatn og frárennsli.

Seljum einnig og leigjum gisteiningar og geymslugáma - sérsniðnar lausnir að þörfum viðskiptavina

stolpigamar.is



 **Stólpi Gámar**

Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



Útivistargírinn

Komdu þér í Útivistargírinn fyrir sumarið með samheldnum hópi Útivistarféлага og spennandi tíu vikna dagskrá. Útivistargírinn hefur notið mikilla vinsælda frá því hann hóf göngu sína árið 2016. Fjöldmargir hafa tekið sín fyrstu skref í Útivist og fjallgöngum með Útivistargírnum þar sem saman koma nýliðar og reynsluboltar í útivistinni. Dagskráin hefst 7. apríl og stendur til 9. júní. Hópurinn hittist vikulega á miðvikudögum klukkan 18:00 og á dagskrá eru spennandi gönguleiðir í nágrenni höfuðborgarsvæðisins. Göngurnar henta flestum sem geta hreyft sig með góðu móti og eru nýliðar í útivist jafnt sem vant fólk hvatt til þess að taka þátt. Í þessum kvöldgöngum er lögð áhersla á vinalegt andrúmsloft og kynningu á grunnatriðum í útivist og gönguferðum. Fjölbreytt starfsemi Útivistar, þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi, verður einnig kynnt þátttakendum. Flestar göngurnar taka 2 – 4 klukkustundir og ferðast þátttakendur á einkabílum. Kynningarfundur verður haldinn kl. 20:00 þann 21. mars 2021.

Þátttaka í göngunum er félagsmönnum Útivistar að kostnaðarlausu en skrá þarf þátttöku í viðburði á Facebook. Áhugasömum er bent á upplýsingar um skráningu á heimasíðu Útivistar. Gönguleiðirnar eru fjölbreyttar og tekur röð þeirra mið af veðri og færð hverju sinni.

Kynntu þér Útivistargírinn á utivist.is.





CINTAMANI

we know the feeling

AUSTURHRAUN 3 | CINTAMANI.IS



Fjallfarar

Fjallfarar Útivistar er samhentur hópur félagsmanna sem gengur saman 20 skipulagðar göngur frá ágúst 2021 fram í júní 2022. Dagskráin er fjölbreytt og ferðirnar af ólíkum toga enda spannar hún allar árstíðir. Styttri og lengri ferðum er blandað saman, bæði dagsferðum og kvöldferðum. Dagskráin samanstendur m.a. af fjallgöngum, þjóðleiðum, þemaferðum og óvissuferðum.

Að jafnaði er ein kvöldganga í mánuði og ein dagsferð með undantekningum þó. Dagskránni lýkur með glæsilegri helgarferð. Í kvöldgöngum og í einstaka dagsferðum sameinast hópurinn í bíla en í öðrum ferðum verður ferðast í rútu. Brottför í kvöldgöngur er allajafna kl. 18:00 á miðvikudögum og í dagsferðum kl. 8:00 á laugardögum en á því gæti þó orðið breyting í einstaka tilfellum.

Fjallfarar henta þeim sem hafa nokkra reynslu af fjallgöngum og útivist og vilja ferðast drjúgar dagleiðir og fara í skemmtilegar kvöldgöngur í góðra vana hópi. Ferðirnar geta verið nokkuð krefjandi og teljast þær á bilinu 2-3 skór. Rík áhersla er lögð á vingjarnlegt andrúmsloft, liðsheil og félagsanda.

Náttúruverndar- stefna Útivistar

„Tilgangur Útivistar er að stuðla að útivist fólks í hollu og óspilltu umhverfi“.

Til að ná fram tilgangi félagsins eins og hann birtist í lögum þess er sjálfbær og vistvæn ferðamennska höfð að leiðarljósi. Óspillt náttúra er undirstaða starfsemi félagsins og því leggur það megináherslu á að vernda náttúruna og að sporna gegn hvers konar náttúruspjöllum með eftirfarandi að leiðarljósi:

- Útivist vill stuðla að og tryggja almannarétt þannig að aðgengi almennings að náttúru Íslands sé óheft án þess þó að landfræðilegum og líffræðilegum fjölbreytileika náttúrunnar sé stefnt í hættu.

- Útivist vill vernda náttúru Íslands fyrir framkvæmdum sem kunna að hafa alvarleg áhrif á náttúruna eða raska henni varanlega.
- Útivist vill starfa með aðilum sem vinna að náttúruvernd og stefna að framangreindum markmiðum.
- Útivist mun leitast við að fræða félagsmenn og þátttakendur í ferðum félagsins um náttúruvernd og vistvæna ferðamennsku.
- Útivist mun bæta fyrir neikvæð áhrif sem starfsemi félagsins hefur á náttúruna.

Stjórn Útivistar kemur fram fyrir hönd félagsmanna sinna á opinberum vettvangi í því skyni að tryggja stefnu félagsins í náttúruverndarmálum.



KLETTUR

Hvern vilt þú dekka?

Ekki gera málamiðlanir þegar kemur að öryggi

- veldu Goodyear



GOODYEAR

MADE TO FEEL GOOD.



Skælingar

GPS-hnit N 63°58,849 / V 18°31,319
Gistipláss í skála eru 16 talsins
Tjaldstæði
Salernishús
Vatn er sótt í lækinn

Steinolíuofn til upphitunar
Gashellur til eldunar
Verð á gistingu í skála:
3.400 kr. fyrir félagsmenn
6.000 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Gjätindur
Eldgjá
Uxatindar
Grettir

Heimasíða Landmælinga Íslands

eitthvað fyrir alla



www.lmi.is



UPPLIFÐU NÝ ÆVINTÝRI Á REYKJANESI



reykjanesgeopark.is — visitreykjanes.is



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Reykjanes
UNESCO
Global Geopark



Útivistarlífið

Hópverkefnið Útivistarlífið hóf göngu sína vorið 2019 hjá Ferðafélaginu Útivist og var ákaflega vel tekið enda ein fjölbreyttasta útivistardagskrá sem völ er á. Í Útivistarlífinu býðst byrjendum sem og lengra komnum að taka þátt í fjölda ferða þar sem fólk blandar saman hefðbundnum kvöld- og dagsferðum, þrekæfingum, og öðrum útivistargreinum.

Þátttakendur taka þátt í níu kjarnaviðburðum, þ.e. þremur kvöldferðum, þremur dagsferðum og þremur þrekæfingum. Að auki geta þátttakendur valið tvær af fimm spennandi valgreinum. Að vori 2021 verður boðið upp á gönguskiði, náttúruyoga, japanskt skógarbað, göngubrennu og einnar nætur helgarferð í nágrenni höfuðborgarinnar.

Hér er lykilspurningin „viltu prófa?“ því valgreinarnar eru miðaðar við byrjendur sem langar til að prófa fjölbreytta útivist. Þátttakendur geta verið óhræddir við að prófa greinar sem þeir þekkja lítið og ekki þarf að teljast góður á gönguskiðum, í sjósundi eða yoga til að taka þátt.

Byrjendur fá leiðsögn við fyrstu skrefin í þeim greinum sem valdar eru. Heildarfjöldi viðburða er u.þ.b. 15 og rétt er að taka fram að starf Útivistarlífsins skarast ekki við starf Fjallfara. Útivistarlífið er á dagskrá tvisvar á ári og allir eru að sjálfsgöðu velkomnir. Fylgstu með á utivist.is þar sem fram koma upplýsingar um dagskrána og hvenær opnað verður fyrir skráningu.



Skíðahópur Útivistar

Við erum bjartsýn á að það verði skíðasnjór á nýju ári.

Skíðahópurinn er fyrir alla Útivistarfélaga sem hafa áhuga á að ferðast á gönguskiðum eða ferðaskíðum í lengri og styttri ferðum. Stefnt er á að fara dagsferðir og jafnvel kvöldferðir í nágrenni Höfuðborgarsvæðisins. Fyrstu ferðir verða í kringum Bláfjöll því þar sest snjórinn fyrst. Mosfellsheiði og Hengilssvæðið eru einnig tilvalin leiksvæði.

Á dagskrá er helgarferð í Bjarnarfjörð á Ströndum þar sem farið verður um nágrennið á gönguskiðum.

Tindfjallasel er nýr skáli í rekstri Útivistar. Sá skáli hentar einstaklega vel fyrir skíðaiðkun og er ætlunin að nýta hann í helgarferðir á gönguskiðum og fjallaskíðum.

Á dagskrá er raðganga þar sem verður skíðað frá Bláfjöllum í Borgarfjörð ef aðstæður leyfa.

Þáskarnir eru tilvaldir til ferðalaga og þá verður stefnan tekin á Tröllaskagann eða Esjufjöll eftir því hvort svæðið býður betra veður.

Nánari ferðaáætlun verður birt þegar nær dregur og við sjáum hvað „ástandið“ leyfir okkur að gera.

OSPREY BAKPOKAR

-EITT MESTA ÚRVAL LANDSINS!

Kestrel 38L Göngubakpoki

33.990 kr.

Lífstíðarábyrgð

Stillanlegt bak

Hægt að breyta hliðarströppum í þverfestingar t.d. fyrir snjóþrúgur

Brjóstól á sleða og með neyðarflautu

Göngustafa festing

Hámarksöndun í baki

Flöskuvasar

Mjaðmabelti þrengist með því að toga beggja vegna

Vasi á mjaðmabelti

Vasi í topploki

Netavasi með lykklahengju undir topploki

Hægt að opna á hliðinni

Netapoki

Tvískipt hólf

Lykkja fyrir ísöxi

Svefnpokaólar



Aether 70L ♂
Ariel 65L ♀

Burðarbakpoki

51.990 kr.



Escapist 25L ♂♀

Hjólábakpoki

23.990 kr.



Tempest 30L ♀
Talon 33L ♂

Físléttur alhliða bakpoki

27.990 kr.



Transporter dufflar

Verð frá:

23.990 kr.



Fairpoint 55 ♂
Fairview 55 ♀

35.990 kr.



Klifurbakpokar,
fjallgöngubakpokar,
krakkabakpokar,
hjólábakpokar,
ferðatöskur,
dufflar o.fl.


ggsport.is

Í vefverslun okkar má finna meira úrval af góðum bakpokum og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



Kjalvegur hinn forni

Dagur 1: Hveravellir - Þjófadalur

Ekið að Hveravöllum. Þar gefst færi á að fara í laugina og borða hádegismat áður en ganga hefst á Kjalveg hinn forna. Fylgt er stikaðri og varðaðri leið til suðurs að hæsta punkti Kjalhrauns, Strýtum sem er fallegur gígur. Þaðan liggur leiðin til vesturs í Þjófadál. Gist í tjöldum við skálann í tvær nætur. Vegalengd 12 km.

Dagur 2: Gengið á Rauðkoll 1075 m og í Jökulkróka

Gengið á Rauðkoll sem er rétt við skálann í Þjófadöllum. Þar er gott útsýni yfir Kjöl og Langjökul. Farið er niður af Rauðkollinu suðvestan megin inn í Jökulkróka og inn að Langjökli. Þá er gengið meðfram Fögruhlíð að fossinum Lokk sem nýlega kom í ljós eftir að jökullinn fór að hopa. Einnig er farið inn að Hengilbjörgum áður en haldið er á ný í skála þar sem gist er aðra nóttina. Æskilegt er að hafa með sér vaðskó þennan dag. Vegalengd 15 km hækkun 400 m.

Aðbúnaður í skálum

Þjófadalur

Skálinn í Þjófadöllum er lítið sæluhús reist sumarið 1939.

Gengið er inn í anddyri sem hýsir eldhúsaðstöðuna og þaðan inn í lítinn svefnskála með kojum til sitt hvorrar handar. Fyrir ofan hálfan skálann er lítið svefnloft. Alls geta 11 manns sofið í skálanum.

Ekkert rennandi vatn. Kamar stendur skammt frá.

Eldunaraðstaða, ekki skálavörður.

Góð aðstaða fyrir tjöld.

Dagur 3: Þjófadalur - Þverbrekknamúli

Haldið frá skála í suðvestur frá Þjófadöllum á milli Þverfells og Þjófafells. Gengið er á milli varða í suðurjaðri Kjalhrauns með Fúlukvísl á hægri hönd. Hrútfell er sunnan kvíslarinnar en niður hlíðar þess má sjá skriðjökla frá Regnbúðajökli. Á þessum slóðum rennur kvíslin í þröngu gljúfri sem hún hefur grafið í hraunið. Göngubrú er á Fúlukvísl á móts við Múlana þar sem gljúfrið er þröngt. Farið er yfir brúna og síðan upp á Múlana til suðurs í skálann sunnan við Þverbrekknamúla. Gist í skála og/ eða tjöldum. Vegalengd 14 km.

Dagur 4: Þverbrekknamúli - Hvitárnes

Gengið er í austur frá skálanum og yfir göngubrú á Fúlukvísl og síðan í suðvestur og ánni fylgt suður fyrir Hrefnubúðir. Gengið er um gróið land eftir djúpum hestagötum. Sunnan Baldheiðar má finna kristaltærar lindir. Vegalengd 15 km.

Göngu lokið og fólk sameinast í rútu sem ekur til Reykjavíkur.

Þverbrekknamúli

Sæluhúsið í Þverbrekknamúla er hlýlegur skáli þar sem 20 manns geta sofið í 10 tvíbreiðum kojum.

Gengið er inn í anddyri og þaðan inn í opið rými sem hýsir bæði svefnaðstöðu og eldhús. Langborð og stólar eru í miðju rýmisins.

Í eldhúsinu er rennandi vatn sem pumpað er í vaskinn úr tanki við húsið, gashellur og ágætt úrval eldhúsáhalda. Salernishús er rétt hjá og vetrarkamar uppi í hlíðinni fyrir aftan skálann.

Skálavörður.

Skálinn í Þverbrekknamúla var reistur árið 1980.

Aðstaða fyrir tjöld.





Fjölskylduferðir Útivistar

Börn hafa skemmtilega sýn á náttúruna. Við réttar aðstæður upplifa þau ævintýri úr einföldustu fyrirbærum og hinir fullorðnu njóta góðs af gleði þeirra. Þess vegna eru fjölskylduferðir þar sem börn og fullorðnir ferðast saman skemmtilegar fyrir alla.

Útivist er ár hvert með á dagskrá góðar fjölskylduferðir þar sem áhersla er lögð á barnvæna útivist og afslappað en skemmtilegt andrúmsloft.

Hér að neðan eru nokkrar ferðir úr ferðaáætlun Útivistar sem henta einstaklega vel fyrir bæði börn og fullorðna

17.-21.7. Laugavegur - fjölskylduferð

26.-30.7. Ævintýri við Strút

6.-8.8. Fimmvörðuháls - fjölskylduferð

27.-29.11. Aðventuferð

Nánari lýsingar á fjölskylduferðunum má finna á vef Útivistar.



Fimmvörðuskáli

GPS-hnit er N 63°37.320 W 19°27.093

Opinn 15. júní til 31. ágúst

Símanúmer í skála 893 4910

Gistipláss í skála eru 20 talsins

Salerni

Gashellur til eldunar

Eldunaráhöld og borðbúnaður

Verð á gistingu í skála:

4.400 kr. fyrir félagsmenn

7.600 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Gosstöðvarnar á Fimmvörðuhálsi

Magni og Móði

Eyjafjallajökull

Mýrdalsjökull

Þórsmörk

Básar á Goðalandi

Everesthópurinn

Everest hópur Útivistar hefur göngu sína á ný!

Everest hópur Útivistar fer hærra og lengra með það að markmiði að njóta en ekki að þjóta.

Everest hópurinn er hópur fyrir göngufólk sem vill fara hærra, lengra og takast á við krefjandi aðstæður. Gert er ráð fyrir að þátttakendur hafi reynslu af göngum á „hærri“ fjöll þar sem flestar ferðirnar eru miðaðar við þriggja og fjögurra skóa ferðir.

Árið 2021 er ætlunin að fara samanlagt jafn marga hæðarmetra og tvö af hæstu fjöllum tveggja heimsálfa, Elbrus í Evrópu og Kilimanjaro í Afríku. Samanlögð hæð þeirra fjalla er um 11.600 metrar.

Farið verður í dagsferðir síðasta laugardag flesta mánuði ársins og einnig verða farnar helgarferðir í sumar og í haust. Einhverjar ferðir eru farnar með öðrum hópum innan félagsins.

Þátttökugjald er 49.000 kr. Reynt verður eftir fremsta megni að sameinast í bíla en þegar það er ekki hægt er farið saman í rútu og er greitt sérstaklega fyrir þær ferðir. Í helgarferðum bætist einnig gistikostnaður við.

Ávallt eru minnst tveir reyndir fararstjórar í hverri ferð.

Fjöldi þátttakenda eru 30.

Rúbín

kaffi



Kaffitíminn er okkar fag

nýja  kaffibrennslan



Jeppadeildin

Það er óhætt að segja að jeppar hafa gegnt stóru hlutverki í hálandisferðum allt frá því þeir komu til landsins. Jeppadeild Útivistar hefur á sinni dagskrá ferðir þar sem þátttakendur koma á eigin bílum en fararstjórar í þessum ferðum hafa góða reynslu af jeppaferðum og sjá um leiðsögn.

Jeppaferðir eru skemmtileg leið til að kynnst hálandinu. Á góðum jeppa má komast víða um hálandið og kynnst stöðum sem annars væri erfiðleikum bundið að nálgast. Í jeppaferðum opnast heill heimur af stórkostlegri náttúru.

Hálandið að vetri er ekki síður mikill ævintýraheimur og með tilkomu sérútbúinna jeppa hafa opnast möguleikar á

vetrarferðum sem heilla marga. Á góðum vetrardegi er fegurð óbyggðanna einstök. Til þess að fara í hálandisferðir að vetrarlagi þarf fleira að koma til en vel útbúinn jeppi. Að mörgu er að hyggja og nauðsynlegt að hafa getu og kunnáttu til að takast á við margvíslegar aðstæður. Þess vegna er kjörið að koma í ferð með jeppadeild Útivistar þar sem reyndir jeppamenn leiða för og leiðbeina.

Í ferðum jeppadeildarinnar eru gerðar kröfur til búnaðar bílanna í samræmi við aðstæður hverju sinni. Sumarferðir og á stundum haustferðir henta oft óbreyttum eða lítið breyttum jeppum en í vetrarferðum eru jafnan gerðar meiri kröfur.



FJÖLNOTA POKAR ERU FRAMTÍÐIN

Vínbúðirnar hafa á boðstólum úrval af fjölnota pokum fyrir viðskiptavinum.



NÝR

HÁR SVARTUR með
2 hölfum fyrir vínflöskur

150 KR.



NÝR

STÓR SVARTUR með
12 hölfum fyrir bjórflöskur

200 KR.

Stöndum með
náttúrunni og
veljum fjölnota!



120 KR.
SVARTUR

150 KR.
GRÁR

180 KR.
RAUÐUR

 VÍNBUÐIN



Sumaráskorun Útivistar 2020

Taktu þátt í rúmlega 38 kílómetra sumaráskorun Útivistar 2021 þann 22. maí. Þá verður gengið frá Strandarkirkju, upp Hlíðarskarð, þaðan inn á Selvogsgötu alla leið í Hafnarfjörð á einum degi. Vissara er að halda hvítasunnudegi (23. maí) frá ef fresta þarf brottför vegna veðurs. Hér er um að ræða verðuga áskorun sem reynir á úthald og gönguþol þátttakenda. Öflugt teymi fararstjóra Útivistar kemur að skipulagi og framkvæmd ferðarinnar en henni má skipta í þrjá hluta.

Fyrsti hluti:

Rúta ekur þátttakendum frá Hafnarfirði að Strandarkirkju. Um 7 kílómetra ganga er frá Strandarkirkju eftir vegi að Hlíðarskarði þar sem fyrri drykkjarstöð er staðsett og farangri er trússað. Fyrsti hlutinn er einfaldur og hraðgengur og þátttakendur hvattir til að bera sem minnstan farangur með sér á þessari leið.

Annar hluti:

Um 16 kílómetra ganga frá Hlíðarskarði niður í Grindarskörð. Leggurinn hefst

með löturhægri uppgöngu en svo tekur við rösk heiðarganga niður í Grindarskörð. Þar er seinni drykkjarstöð og geta þátttakendur fengið trússað allt að 1,5 kg pr. þátttakanda en drykkjum, búnaði og farangri er trússað þangað á reiðhjólum.

Þriðji hluti:

Um 15 kílómetra ganga frá Grindarskörðum í Hafnarfjörð. Leiðin er greiðfær og svo gott sem laus við hækkun.

Erfitt?

Já, um ákaflega langa göngu er að ræða sem telst fjögurra skóa ferð og ætluð reyndari félagsmönnum sem vilja takast á við áskorun. Fyrirkomulag ferðarinnar er þó með þeim hætti að auðvelda þátttakendum að ljúka við áskorunina þar sem hægt verður að flytja nesti og drykki á tvo staði á gönguleiðinni til að minnka burð. Ertu ekki félagsmaður? Ekkert mál - þú skráir þig bara í leiðinni!

Verð: 12.900 krónur



Styrkir til líkamsræktar

Mörg stéttarfélög veita félagsmönnum sínum styrki til líkamsræktar. Margir nýta þessa styrki til að ferðast með Útivist. Við hvetjum félagsmenn til að kanna hvað þeim stendur til boða hjá sínu stéttarfélagi. Hugsanlega leynist þar möguleiki á enn frekari þátttöku í ferðum Útivistar.

Forfallatryggingar

Við vekjum athygli þátttakenda í ferðum á að kynna sér hvort ferða-, forfalla- og slysatryggingar séu hluti af fjölskyldutryggingu. Einnig má hafa í huga að þegar ferð er greidd með kreditkorti eru oft einhverjar ferðatryggingar innifaldar.



Sundhöll Selfoss

Tryggvagata 15, Selfossi
Sími: 480 1960

OPNUNARTÍMI:

Virka daga frá 06:30 til 21:30
Helgar 09:00 til 19:00

Komdu í sund á Selfossi og á Stokkseyri



Tilboð
handklæði,
sundföt
og sund
1.700 kr.

Gjaldskrá

Fullorðnir (18–66 ára)

Stakt skipti: 1.050 kr.

10 skipta kort: 4.300 kr.

30 skipta kort: 8.600 kr.

Árskort: 30.000 kr.

FRÍTT fyrir öll börn að 10 ára
aldri (miðast við 1. júní)

Börn (10–18 ára)

Stakt skipti: 160 kr.*

10 skipti: 1.200 kr.

30 skipti: 3.400 kr.

*Börn búsett í Árborg fá gefins árskort.



Sundlaug Stokkseyran

Stjörnusteinum 1a, Stokkseyri
Sími: 480 3260

OPNUNARTÍMI:

Vetraropnun: miðjan ágúst–31. maí

Mánudaga–föstudaga 16:30 til 20:30

Laugardaga 10:00 til 15:00

Sunnudaga lokað

Sumaropnun: 1. júní–miðjan ágúst

Mánudaga–föstudaga 13:00 til 21:00

Laugardaga–sunnudaga 10:00 til 17:00

67 ára og eldri búsettir í Árborg fá frían aðgang.
200 kr. fyrir 67 ára og eldri búsettir utan Árborgar.
Öryrkjar fá frían aðgang en verða að framvísa korti.

Básar á Goðalandi

GPS-hnit N63°40,559 / V19°29,014
Símanúmer hjá skálaverði 893 2910

Gistipláss í skálum eru 83 talsins
Skála skal rýma fyrir kl. 11 á brottfarardegi
Innskráning á komudegi er eftir kl. 14
Eldunaráhöld og borðbúnaður
Grill
Sturtur (verð 500 kr.) yfir sumartímann
Verð á gistingu í skála:
Fyrir félagsmenn í Útivist 4.400 kr.
Almennt verð 7.600 kr.

Tjaldstæði

Tjaldstæði við skála
Salerni yfir sumartímann
Sturtur (verð 500 kr.) yfir sumartímann
Grill
Tjaldgjöld:
Fyrir félagsmenn í Útivist 0 kr.
Almennt verð 2.000 kr.

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Gosstöðvar á Fimmvörðuhálsi
Eyjafjallajökull
Mýrdalsjökull
Þórsmörk
Útigönguhöfði




Rafvæðing í Básam

Aðstaðan í skálum Útivistar í Básam hefur nú tekið miklum breytingum með orkuskiptum. Búið er að rafvæða skálana þannig að nú hefur olíukyndingin verið sett til hliðar og eru skálarnir núna kyntir með rafmagni. Jafnframt hefur salernisaðstaðan í stóra skálanum verið endurbyggð og settar upp sturtur. Þetta hefur það í för með sér að skálarnir eru kyntir allt árið um kring og jafnframt boðið upp á vatnssalerni að vetri. Vetrarferðir í Bása eru því með allt öðrum blæ en áður. Auk þess sem þessi framkvæmd bætir stórlega aðstöðu gesta í skálunum eru orkuskiptin mikilvægt framlag til umhverfismála.

Stefnt er að því með vorinu að bjóða upp á rafmagn á afmörkuðu svæði á tjaldsvæðinu og hleðslu fyrir rafbíla.



NÁM Í SÍNU NÁTTÚRULEGA UMHVERFI!



RÆKTUN & FÆÐA



NÁTTÚRA & SKÓGUR



SKIPULAG & HÖNNUN



VELKOMIN Í LBHÍ

Hlutverk Lbhí er að skapa og miðla þekkingu á sviði sjálfbærrar nýtingar auðlinda, umhverfis, skipulags og matvælaframleiðslu á norðurslóðum.

Áhersla er á eftingu rannsókna, nýsköpun og kennslu með sjálfbærni, hagsæld og framsækni að leiðarljósi. Námið okkar er fjölbreytt og á breiðu sviði sem býður uppá mikla möguleika. Boðið er bæði starfsmenntanám á framhaldsskólastigi og grunn- og framhaldsnám á háskólastigi.

Við erum lítill skóli með mikla sérstöðu og bjóðum góða þjónustu til nemenda okkar.

Kannaðu málið á lbhi.is!

STARFSMENNTANÁM

Garðyrkjufraeðingur / Búfraeðingur

Blómaskreytingar

Búfraeði

Garð- & skógarplöntuframleiðsla

Lífræn ræktun matjurta

Skóгур & náttúra

Skrúðgarðyrkja lögfest iðngrein

Ylrækt

GRUNN- & FRAMHALDSNÁM

Búvísindi BS MS PHD

Hestafræði BS MS PHD

Náttúru- & umhverfisfræði BS MS PHD

Skógræði BS MS PHD

Landslagsarkitektúr BS

Skipulagsfræði MS PHD

Umhverfisbreytingar á norðurslóðum MS

finndu okkur á

[@lbhi.is](http://lbhi.is) / [@landbunadarhaskoli](https://www.instagram.com/landbunadarhaskoli)



Dagsferðir

9.1.	Kirkjuferð Garðakirkja – Bessastaðakirkja
16.1.	Garðskagaviti – Hvalneskirkja
23.1.	Herdísarvík – Strandarkirkja
30.1.	Hvalsneskirkja – Hafnir
6.2.	Úlfarsfell þvers og kruss
13.2.	Hafnir – Stóra Sandvík
20.2.	Akrafall
27.2.	Reykjavegur 1: Reykjanesviti – Eldvörp
6.3.	Húsfell og Búrfellsgjá
13.3.	Reykjavegur 2: Eldvörp – Leirdalur
20.3.	Afmælisganga á Keili
27.3.	Reykjavegur 3: Leirdalur – Djúpavatn
10.4.	Reykjavegur 4: Djúpavatn – Kaldársel
17.4.	Vestursúla
24.4.	Reykjavegur 5: Kaldársel – Bláfjöll
8.5.	Reykjavegur 6: Bláfjöll – Hamragil
15.5.	Jarðfræðiferð um Reykjanes
23.5.	Eyjafjallajökull
29.5.	Reykjavegur 7: Hamragil – Nesjavellir
5.6.	Esjan lengri leiðin
12.6.	Umhverfis Skriðutinda

16.6.	Leggjabrjótur næturganga
19.6.	Snæfellsjökull sólstöðuganga
3.7.	Elliðatindar
31.7.	Skarðsheiði endilöng
7.8.	Fjölskylduferð
14.8.	Löðmundur
21.8.	Stóra-Jarlhetta (943 m)
28.8.	Esjan að norðanverðu
4.9.	Tindfjöll
18.9.	Skjaldbreiður
25.9.	Hvalfell
2.10.	Þingvellir 1: Skinnhúfuhöfði – Hagavík
9.10.	Dalaleið – Gvendarselshæð
16.10.	Þingvellir 2: Hagavík – Heiðarbær
23.10.	Brekkukambur
30.10.	Þingvellir 3: Heiðarbær – Þingvellir
6.11.	Jarðfræðiferð á Vesturland
13.11.	Þingvellir 4: Þingvellir – Arnarfell
20.11.	Brynjudalur – Stífludalsvatn
27.11.	Þingvellir 5: Arnarfell – Sogshorn

Tíu tindar

Vor - Fjallahringur höfuðborgarsvæðisins

4.5.	Kvöldferð: Helgafell Hafnarfirði
6.5.	Kvöldferð: Ofan Arnarhamars og Smábúfur
11.5.	Kvöldferð: Vífilsfell
15.5.	Dagsferð: Grímannsfell – Reykjafell – Reykjaborg
18.5.	Kvöldferð: Móskaðahnúkar
25.5.	Kvöldferð: Keilir
29.5.	Dagsferð: Akrafall

Haust - Tíu tindar á Reykjaneskaga

5.10.	Kvöldferð: Húsafell og Fiskidalsfjall
7.10.	Kvöldferð: Geitahlíð
9.10.	Dagsferð: Trölladyngja og Grænadyngja
12.10.	Kvöldferð: Miðdegishnúkur
19.10.	Kvöldferð: Þórðarfell
23.10.	Dagsferð: Stóri-Hrútur og Langhóll
26.10.	Kvöldferð: Þorbjörn

**UNDIR BERUM HIMNI
ER BEST AÐ VERA**



**GEFUM GJÖF TIL
ÆVINTÝRA**

Helgarferðir

26.-28.2. Tindfjallajökull – skíðaferð

18.-20.6. Fimmvörðuháls

18.-21.3. Bjarnarfjörður – skíðaferð

25.-27.6. Jónsmessuganga yfir Fimmvörðuháls

3.-4.7. Fimmvörðuháls

9.-11.7. Fimmvörðuháls – hægferð

9.-11.7. Jógaferð í Kerlingarfjöll

16.-18.7. Fimmvörðuháls

23.-25.7. Fimmvörðuháls

31.7.-2.8. Fimmvörðuháls og Básar

6.-8.8. Fimmvörðuháls, fjölskylduferð

10.-12.9. Grill og gaman í Básum

26.-28.11. Aðventuferð í Bása

29.12-1.1. Áramótaferð í Bása

Jeppaferðir

9.-10.1. Prettándastuð í Þórsmörk. Jeppa- og gönguskiðaferð

22.-24.1. Dalakofinn

13.-14.2. Langjökull

27.-28.2. Fjallabak nyrðra – Mælifellssandur

13.-14.3. Setrið - Leppistungur

27.-28.3. Fjallabak syðra

10.-11.4. Eyjafjallajökull - Fimmvörðuháls - Mýrdalsjökull

22.-25.4. Vorferð jeppadeildar á Vatnajökull

7.-9.5. Enn og aftur Vatnajökull

8.-11.7. Sumarleyfisferð jeppadeildar

9.-10.10. Bárðargata

23.-24.10. Vöð og vatnasull

Everesthópur

30.1. Akrafjall – hringurinn

27.2. Búrfell í Þingvallasveit

27.3. Botnsúlur: Vestari-Súla og Norðursúla

22.4. Móskaðshnúkar – Laufskörð

23.5. Eyjafjallajökull

19.6. Snæfellsjökull um sumarsólstöður

2.-4.7. Hrótfjallstindar

13.7. Hengill – Vörðuskeggi

28.8. Heiðarhorn – Skarðshyrna

24.-26.9. Strútur – Mælifell

30.10. Hvalfell

27.11. Hábunga Esju

11.12. Heiðarból við Selfjall

Lengri ferðir

29.6.-3.7. Laugavegurinn

1.-4.7. Sveinstindur - Skælingar

1.-4.7. Strútsstígur

4.-7.7. Dalastígur

8.-11.7. Kjalvegur hinn forni

10.-14.7. Laugavegurinn

11.-14.7. Dalastígur

12.-17.7. Tindfjöll - Hellismannaleið

15.-18.7. Sveinstindur - Skælingar

15.-18.7. Strútsstígur

15.-18.7. Víknaslóðir

16.-20.7. Langleiðin: Grímsstaðir á Fjöllum - Askja

17.-21.7. Laugavegurinn - fjölskylduferð

22.-25.7. Sveinstindur - Skælingar

22.-25.7. Strútsstígur

22.-25.7. Tindfjallahringur

24.-28.7. Laugavegurinn

26.-30.7. Ævintýri við Strút

5.-11.8. Langleiðin: Askja - Nýjidalur

6.-10.8. Laugavegurinn

12.-15.8. Sveinstindur - Skælingar

12.-15.8. Strútsstígur

9.-12.9. Laugavegur - hraðferð

Útivistarlífið vor 2021

Dagskrá Útivistarlífsins samanstendur af gönguferðum og valgreinum sem þátttakendur geta valið. Valgreinarnar eru gönguskíði, göngubrenna, japanskt skógarbað, helgarferð og náttúrujoga.

Kjarnaferðir:

Undirbúningsfundur

Kvöldganga: Stórhöfði

Þrekæfing: Himnastiginn

Dagsferð: Stórhöfðastígur

Kvöldganga: Mosfell

Þrekæfing: Kópavogsdalur

Dagsferð: Búrfell í Grímsnesi

Kvöldganga: Blákollur

Þrekæfing: Bessastaðatjörn

Dagsferð: Skarðsheiðarvegur

Gönguskíði:

Rauðavatn

Heiðmörk

Þingvellir

Japanskt skógarbað:

Heiðmörk

Fossárdalur

Þrastaskógur

Náttúrujoga:

Reykjafell

Reynisvatn - Langavatn

Hengill

Göngubrenna:

Umhverfis Rauðavatn

Umhverfis Meðalfellsvatn

Umhverfis Hafravatn

Helgarferð:

Heiðmörk - Lækjarbotnar

Tindfjallasel – Landmannahellir – Landmannalaugar

Gönguleið um ótroðnar slóðir



Í ár vígjum við nýja gönguleið um ótroðnar slóðir. Gengið er um Tindfjöll og ofanverða Rangárvelli að Rjúpnavöllum. Þaðan liggur leiðin um hina rómuðu Hellismannaleið. Spannandi valkostur fyrir þá sem vilja prófa eitthvað nýtt.

1. dagur: Tindfjallaskáli (680 m)

Ekið inn Fljótshlíð og gengið í Tindfjallasel þar sem gist verður fyrstu nóttina. Eftir að hópurinn hefur komið sér fyrir í skál-anum verður dagurinn nýttur til að skoða umhverfið.

2. dagur: Tindfjallaskáli – Foss við Eystri Rangá

Frá Tindfjallaskála er gengið í vestur og stefnan tekin á bæinn Foss við Eystri-Rangá. Leiðin liggur sunnan megin við Vörðufell og stefnan tekin á Litla Bláfell. Síðan er farið um Fremra-Kálfatungugil, niður Góðadal, Stigagil og Markagil og komið að eyðibýlinu Rauðnefsstöðum, en það fór í eyði eftir Heklugosið 1947. Farið á vaði yfir Eystri Rangá að eyðibýlinu Fossi þar sem er gist í uppgerðu bæjarhúsinu. Vegalengd 18,5 km.

3. dagur: Foss – Rjúpnavellir

Gengið er frá Fossi á Rjúpnavelli. Þetta er nokkuð löng dagleið

en hækkan er óveruleg. Gengið er um Skógarhraun, Herjólfshéiði og Dagverðarnesheiði hjá Pálssteinshrauni. Þá er stefnan tekin á Suðurhraun sunnan megin við Fálkahamar og stefnt í norður meðfram Hálsfjalli. Gengið er yfir Norðurhraun á milli Bjölfells og Tindgilsfells fram hjá Selvatni og ofan Næfurholts. Farið yfir Ytri- Rangá og gljúfrin við brúna skoðuð. Þaðan liggur leiðin upp með ánni að Rjúpnavöllum þar sem gist er. Vegalengd 28 km.

4. dagur: Rjúpnavellir – Áfangagil

Frá Rjúpnavöllum liggur leiðin í Áfangagil og er þá komið inn á svokallaða Hellismannaleið. Fyrir þá sem vilja er hægt að ljúka göngunni í Áfangagili en jafnframt er boðið upp á framhald göngunnar um Hellismannaleið sem leið liggur í Landmannalaugar. Frá Rjúpnavöllum er gengið vestan við Ytri-Rangá á grónu landi þar til komið er að göngubrú þar sem farið er yfir ána. Þar er farið yfir Ófærugil sem er gott yfirferðar öfugt við það sem nafnið gefur til kynna. Þá er komið að Fossabrekku og er þar gott að hvílast um stund og njóta fegurðarinnar. Áfram liggur leiðin meðfram Sauðafellsöldu og að jaðri Skjólkvíahraunsins frá 1970 en þá tekur við Sólvastraun. Stíkaða



leiðin liggur fram hjá gömlu fjárbyrgi sem er að mestu komið undir sand. Þaðan er gengið upp á Öldu sem er hluti Valafells og loks niður í Áfangagil þar sem er gíst. Vegalengd 18,5 km.

5. dagur: Áfangagil – Landmannahellir

Gengið er á sandi og vikri framan af. Mikilvægt er að fylla á vatnsbrúsa í upphafi ferðar því aðeins er hægt að fylla á brúsa einu sinni á leiðinni, þ.e. við Hellishvísl um miðbik göngunnar. Gengið er upp brekkuna á Valafellsöldu en í góðu skyggni sést þaðan vel til Heklu og Búrfells. Hestalda blasir við og eldstöðvarnar í Skjólkvíum sem og Rauðaskál austan við þær. Gengið er niður ölduna og um svarta sanda á milli Valafells og Valahnjúka. Það svæði hefur stundum verið nefnt Dauðadalur af gönguhópum þar sem þarna er ekki stingandi strá að sjá. Leiðin liggur því næst um Valagjá. Áfram er haldið fyrir enda Valahnúka þar sem sveigt er til suðurs, Dyngjuleiðin þveruð og gengið að Helliskvísl. Vel má drekka vatn úr Hellishvísl þótt það geti verið eitthvað jökulblandað. Kvíslina þarf að vaða þó að í einhverjum tilfellum sé hægt að stikla yfir hana. Síðan er gengið yfir Lambafitarhraun sem rann úr gíg á Hekluþrungunni árið 1913. Þá er gengið í átt að Sauðleysum og eftir

Lambaskarði sem liggur á milli Sauðleysa og Hrafnabjarga. Þegar kemur fram á brúnina er komið inn á Friðland að Fjallabaki. Gengið er yfir síðasta sanddalinn á þessari dagleið að Herbjarnarfelli og Herbjarnarfellsvatni. Þaðan er stutt í skálann við Landmannahelli. Vegalengd 22,5 km.

6. dagur: Landmannahellir – Landmannalaugar

Gengið er af stað upp á Hellisfjall en þar er komið að gatnamótum. Okkar leið liggur hér í átt að Löðmundarvatni en hin leiðin liggur upp á Löðmund. Síðan liggur leiðin að Löðmundarvatni, milli vatnsins og Löðmundar, að Lifrafjöllum og upp á Dómadalsháls þar sem útsýni er yfir Lifrafjallavatn ef skyggni er gott. Gengið eftir hálsinum, yfir veginn um Dómadalsleið, gengið upp Mjógil og upp á Stórhöfða. Því næst er gengið um Háölduhraun að Uppgönguhrygg niður Háöldugil að Vöndugiljum þar sem þarf að vaða nokkra læki. Síðasti spölurinn er um Laugahraun inn í Landmannalaugar þar sem rúta bíður hópsins. Vegalengd 16 km.



Víknaslóðir - trússferð

Hinar svokölluðu Víknaslóðir eru margrómað gönguland sem enginn verður svikinn af að skoða. Þátttakendur koma sér á eigin vegum á Bakkagerði í Borgarfirði eystri þar sem gangan hefst og líkur.

1. dagur: Borgarfjörður eystri – Breiðuvík

Gengið er um Brúnavíkurskarð í Brúnavík og þaðan um Súluskarð og Kjólsvíkurvarp til Breiðuvíkur. Brúnavík er næsta vík sunnan Borgarfjarðar. Þar þóttu búsetuskilyrði góð áður fyrr en hún fór í eyði árið 1944. Í fjörunni eru fallegir líparítklettar sem vert er að skoða áður en haldið er áfram til Breiðuvíkur. Breiðavík er landnámsjörð og fór í eyði árið 1947. Hún er vel gróin og umkringd fallegum líparítfjöllum. Gist í skála Ferðafélags Fljótshéraðs í Breiðuvík. Vegalengd 15 km, hækkun 800 m.

2. dagur: Breiðavík – Húsavík

Gengið er til vesturs úr Breiðuvík í dalverpi sem liggur undir Hvítafjalli, Hvítuhjúkum og Hvítserki. Þaðan er fallett útsýni yfir Gæsavötn. Þegar beygt er til suðurs í átt til Húsavíkur er hinn sérkennilegi Hvítserkur á vinstri hönd með sína dökku bergganga. Skáli Ferðafélags Fljótshéraðs, sem gist er í, stendur innst í víkinni. Út við sjó stendur Húsavíkurkirkja, byggð 1937, en kirkjustaðurinn Húsavík var metin dýrasta jörð á Íslandi á öldum áður. Ef áhugi er fyrir því verður boðið upp á

kvöldgöngu þangað, en það er um 7 km gangur fram og til baka. Vegalengd 14 km, hækkun 480 m.

3. dagur: Húsavík – Loðmundarfjörður

Gengið er yfir Nesháls í átt til Loðmundarfjarðar. Þaðan er gott útsýni yfir fjörðinn og allt til Dalatanga ef skyggni er gott. Ef veðrið leikur við okkur þennan dag geta þeir sem vilja gengið upp á Skæling sem er formfagurt fjall við hálsinn. Við þetta lengist gangan um 3,5 km og 2-3 klst. og nemur hækkunin um 400 m. Haldið er áfram göngu inn allan Loðmundarfjörð sem er fallega gróinn og má þar finna sjaldgæfar plöntur svo sem bláklukkulyng og gullkoll. Loðmundarfjörður er talinn hafa verið í byggð mest allan tíma Íslandsbyggðar en fór endanlega í eyði árið 1973. Gist er í skála Ferðafélags Fljótshéraðs á Klyppsstað. Vegalengd 15 km, hækkun 440 m.

4. dagur: Loðmundarfjörður – Borgarfjörður um Kækjuskörð

Gengið er 2 km til baka frá Klyppsstað að Stakkahlíð og þaðan í norður eftir jeppavegi að Fitjum. Frá Fitjum liggur leiðin um Orustukamb þar sem fundist hafa merkilegir steingervingar. Gengið um Kækjuskörð og Kækjudal, en í Kækjudal stendur Kirkjusteinn sem talinn er vera álfakirkja samkvæmt þjóðtrú. Göngunni líkur svo við brú á Lambadalsá í Borgarfirði. Vegalengd 15 km, hækkun 800 m.



ÖRYGGIÐ OFAR ÖLLU

GÖNGULJÓS
LEITARLJÓS
ÖRYGGISLJÓS
TALSTÖÐVAR
VINDHRAÐAMÆLAR
HITAMYNDAVÉLAR



...VIÐ MÆLUM MEÐ ÞVÍ BESTA

 **ÍSMAR**

SÍÐMÚLA 28 / 108 REYKJAVÍK
SÍMI 510 5100 / ISMAR.IS

Strútur á Mælifellssandi

GPS-hnit N63°50,330 / V 18°58,477

Gistipláss í skála eru 26 talsins

Tjaldstæði við skála

Salerni yfir hásumarið

Sturta (verð 500 kr.) yfir hásumarið

Gashellur til eldunar

Eldunaráhöld og borðbúnaður

Grill

Verð á gistingu í skála:

3.900 kr. fyrir félagsmenn

7.000 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Strútur

Strútslaug

Mælifell

Torfajökulssvæðið

Krókagil

ALLAR OKKAR PEYSUR ERU PRJÓNAÐAR Á ÍSLANDI

VELJUM ÍSLENSKT



HANDPRJÓNASAMBAND
ÍSLANDS

Skólavörðustígur 19 & Borgartún 31
s: 552 1890 • hanknitted.is



PURE WOOL



ÍSLENSK
LOPPEYSA



Sundlaug - Íþróttahús - Þreksalur

Sumaropnun

frá 1. júní

Virka daga

8:00 - 21:00

laugardaga og sunnudaga

10:00 - 20:00

Vetraropnun

frá 20 ágúst

Þriðjudaga og fimmtudaga: 07:45 - 21:00

Mánudaga og miðvikudaga: 06:30 - 21:00

Föstudaga: 06:30 - 17:00

Laugardaga: 10:00 - 16:00

sunnudaga: lokað

Athugið:

- Hætt er að hleypa ofan í sundlaugina 30 mín. fyrir lokun.



www.imb.is

Sími: 452-4178



Sveinstindur

GPS-hnit N 64°05,176 / V 18°24,946

Gistipláss í skála eru 18 talsins

Tjaldstæði

Salernishús (rennandi vatn yfir hásumarið)

Gashellur til eldunar

Verð á gistingu í skála:

3.400 kr. fyrir félagsmenn

6.000 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Sveinstindur


Langisjór

Fögur fjöll



Skelltu þér í sund í Borgarfirði!

Sundlaugar í Borgarfirði
þjóða ykkur velkomin í sumar



Allt til alls:

- frábærar laugar
- saunaböð
- heitir pottar
- heilsuræktarstöðvar
- vatnsrennibrautir

Sundlaugin Borgarnesi, sími 433 7140
Sundlaugin Kleppjárnsreykjum, sími 435 1140
Sundlaugin Varmalandi, sími 437 1401

www.borgarbyggd.is



RB RÚM



Svífðu inn í svefninn eftir góða útiveru

Í áraraddir hefur Ragnar Björnsson ehf. framleitt rúm af öllum stærðum og gerðum, allt eftir óskum viðskiptavina. Við ráðleggjum fólki að hafa tvær dýnur í öllum hjónarúmum og tengja

dýnurnar saman með rennilásum. Mismunandi stífleika er hægt að velja allt eftir þyngd þeirra sem á dýnunum hvíla. Þú velur rétta hæð á rúmið þitt og stígur létt framúr.

Mikið úrval af öllum tegundum rúma.

Hafið samband við sölumenn okkar fyrir frekari upplýsingar.

Íslensk framleiðsla síðan 1943.

Opið alla virka daga
frá kl. 09.00–18.00 og
laugardaga 10.00–14.00

Erum á [facebook](#)



*Alþjóðleg viðurkenning
fyrir framúrskarandi
árangur í framleiðslu í
rúmunum og springdýnum.*



Tíu tindar

Tíu tindar er splunkunýr dagskrárliður hjá Ferðafélaginu Útivist þar sem gengið verður á tíu tinda á fjögurra vikna tímabili. Í ferðaáætlun Útivistar árið 2021 eru tvær Tíu tinda dagskrár, ein í maí og önnur í október. Hvor dagskrá ber keim af ákveðnu þema sem getur verið af misjöfnum toga. Í maí er þemað „Fjallahringur höfuðborgarinnar“ þegar gengið verður, eins og þemað gefur til kynna, á tíu tinda í glæsilegum fjallahring höfuðborgarinnar. Í október verður yfirskrift dagskrárinnar „Tíu tindar á Reykjaneskaga“ en þó tindar skagans tróni ekki hátt yfir sjávarmáli bjóða suðurnesin upp á fjöldann allan af glæsilegum gönguleiðum á ótal fjöll, fell og hnúka.

Kynntu þér spennandi dagskrá Tíu tinda á utivist.is!

Velkomin í ELDHEIMA

nýja gosminjasafnið í Vestmannaeyjum



www.eldheimar.is - eldheimar@vestmannaeyjar.is - Sími 488 2000

VELLÍÐAN HVERNIG SEM VIÐRAR

Hjá okkur finnur þú mikið úrval af ullarfötum fyrir alla fjölskylduna.

Bæði þunnan og þykkun,
til að nota sem innsta lag
eða millilag.

Mikið úrval af ullarsokkum
á stóra sem smáa.

GÆÐI OG GOTT VERÐ



Ullarkistan

ULLARKISTAN.IS

SKEIFUNNI 3B OG GLERÁRTORGI

Dalakofinn

GPS-hnit N63°57,048 / V 19°21,584

Gistipláss í skála eru 36 talsins

Tjaldstæði við skála

Vatnssalerni í skála yfir hásumarið

Rennandi vatn yfir hásumarið

Gasofnar

Gashellur

Eldunaráhöld og borðbúnaður

Verð á gistingu í skála:

3.900 kr. fyrir félagsmenn

7.000 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Torfajökulssvæðið

Rauðufossafjöll

Laufafell

Hverasvæðið við Hrafninnusker

Hvínandi

Hverasvæði við Dalamót

Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli

Vetraropnun (1. okt.-30. apríl)

Mánudaga-föstudaga 07:00-21:00

Laugardaga-sunnudaga 10:00-15:00

Sumaropnun (1. maí-30. sept.)

Mánudaga-föstudaga 07:00-21:00

Laugardaga-sunnudaga 10:00-19:00

Íþróttamiðstöðin Hvolsvelli

Vallarbraut 16

Sími 488 4295





Fjallabyggð

VELKOMIN TIL SIGLUFJARÐAR OG ÓLAFSFJARÐAR



- BOTNALEIÐ
- FOSSDALUR
- HÉÐINSFJÖRÐUR
- HREPPSENDASÚLUR
- HVANNDALIR
- HVANNDALABJARG
- MÚLAKOLLA
- RAUÐSKÖRÐ
- SIGLUFJARÐARSKARÐ
- SIGLUNES
- OFL.

FJÖLMARGAR GÓÐAR GÖNGULEIÐIR Í STÓRBROTINNI NÁTTÚRU



SKYR
SJÁ GÖNGULEIÐALÝSINGAR
INN Á WWW.FJALLABYGGD.IS



Langleiðin 2021

Langleiðin heldur áfram en hún hófst í fyrra hjá Fonti á Langanesi. Þetta er í þriðja sinn sem þessi raðganga er í boði hjá Útivist en ólíkt fyrri göngum er nú gengið úr norð-austri til suð-vesturs. Nú í ár liggur leiðin um hálendið norðan Vatnajökuls, yfir þurrasta og óbyggilegasta hluta landsins sem jafnframt er sá stórbrotnasti og mest framandi.

Talsverður hluti leiðarinnar í ár liggur eftir fjallvegum en einnig eftir merktum gönguslóðum. Á stöku svæðum verður gengið utan alfaraleiða þar sem engir slóðar eru merktir. Gist er í skálum í nokkur skipti en annars í tjöldum. Trússbill fylgir hópnum eins og áður og verður núna vatnstunna meðferðis þar sem gengið er um vatnslaus svæði. Í sumar verður oftast gengið með dagpoka en einu sinni þarf að gera ráð fyrir að bera allt til einnar nætur á bakinu.

Líkt og í fyrri Langleiðum er vegalengd þessa árs skipt í tvennt og gengið í tveimur áföngum. Fyrri leggurinn samanstendur af fimm göngudögum í júlí og hefst við Grímsstaði á Fjöllum en endar í Drekgili hjá Öskju. Seinni leggurinn verður genginn á sex göngudögum í ágúst frá Dreka og endar í Nýjadal.

Gangan í júlí verður um 110 km og liggur frá Grímsstöðum að brúnni yfir Jökulsá á Fjöllum á þjóðvegi nr. 1 þar sem farið verður yfir ána. Þaðan verður gengið í suðurátt með Jökulánni og fjallvegi F88 fylgt að mestu að Herðubreiðarlindum. Þaðan liggur leiðin að Bræðrafelli og síðan að Öskju og í Drekgil. Fyrstu tvær næturnar á þeirri göngu verður gist í tjöldum en í skálum við Herðubreiðarlindir, Bræðrafell og í Dreka.

Gangan í ágúst er um 130-140 km og hefst við Dreka. Leiðin liggur um Öskju, Þorvaldshraun og inn á Gæsavatnaleið. Gengið verður um Urðarháls, Dyngjuháls og í Gæsavötn þar sem gist verður í skála. Þaðan er gengið um Vonarskarð í Nýjadal og er það lokaáfangi ársins.

Öll ganga utan merktra slóða er í samráði við landverði Vatnajökulsþjóðgarðs.

16. – 20. júlí: Grímsstaðir á Fjöllum – Dreki við Öskju 114 km

16. júlí	Grímsstaðir – Ferjuás, tjald	25 km
17. júlí	Ferjuás – Grafarlandaá, tjald	25 km
18. júlí	Grafarlandaá – Herðubreiðarlindir, skáli	20 km
19. júlí	Herðubreiðarlindir – Bræðrafell, skáli	22 km
20. júlí	Bræðrafell – Dreki, skáli	22 km

5. – 11. ágúst: Dreki – Nýidalur 130-140 km

5. ágúst	Ferðadagur	
6. ágúst	Dreki – Askja – Þorvaldshraun, tjald	26 km
7. ágúst	Þorvaldshraun – Flæður, tjald	20 km
8. ágúst	Flæður – Urðarháls – Dyngjuháls, tjald	20 km
9. ágúst	Dyngjuháls – Gæsavötn, skáli	16 km
10. ágúst	Gæsavötn – Vonarskarð, tjald	25 km
11. ágúst	Vonarskarð – Nýidalur, skáli	25 km



Skógræktarverkefni Útivistar og Skógræktarfélags Kópavogs

Útivist hefur fengið til umsjónar framtíðar sælureit til skógræktar. Verkefni þetta er tilkomið vegna fjárgjafar Jóns Ármanns Héðinssonar til félagsins sem áformað er að nýtist til skógræktar. Fyrir tilstilli þessa ánægjulega framlags Jóns Ármanns hefur verið komið á samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs þar sem okkur gefst tækifæri til að helga okkur reit í nágrenni höfuðborgarinnar sem býður upp á fjölbreytta möguleika. Reiturinn er í suðurhlíð Selfjalls sem er vestan við Sandfell og kallast Heiðarból.

Álftavötn

GPS-hnit N63°53,890 / V 18°41,467

Gistipláss í skála eru 20 talsins

Tjaldstæði við skála

Salerni yfir hásumarið

Rennandi vatn yfir hásumarið

Gashellur

Verð á gistingu í skála:

3.400 kr. fyrir félagsmenn

6.000 kr. fyrir aðra

Áhugaverðir staðir í nágrenni:

Strútslaug

Svartahnúksfjöll

Gjätindur

Eldgjá

Steinbogi á Syðri-Ófæru



Myndakvöld

Myndakvöld er gömul og góð hefð sem fylgt hefur starfsemi Útivistar nánast frá upphafi. Öflugur hópur Útivistarfólks sér um myndakvöldin en þar koma félagsmenn saman, skoða myndir og hlýða á ferðasögur úr ferðum sem Útivist hefur staðið fyrir. Auk þess eru kynntar ferðir á nýjar slóðir og sýndar myndir af áhugaverðum stöðum.

Myndakvöld eru haldin fimm sinnum yfir vetrarmánuðina og njóta mikilla vinsælda. Allir eru velkomnir.

Glæsilegar kaffiveitingar eru eitt aðalsmerki myndakvöldanna. Á þessum vettvangi hittast nýir og gamlir Útivistarfélagar, rifja upp góðar stundir og gæða sér á kræsingum af kökuhlaðborðinu.

Allur ágóði af myndakvöldunum er nýttur til að efla félagið. Lengst af var hann notaður í uppbyggingu á aðstöðu félagsins í Básam. Síðasta framlag kaffi- og myndanefnda voru hjartastuðtæki í skála Útivistar.

Sjá nánar á utivist.is



EKKI GLEYMA ÞVÍ ALLRA MIKILVÆGASTA ÞEGAR HALDIÐ ER TIL FJALLA AÐ VETRI TIL



+



+



=

HIN HEILAGA ÞRENNI!

PIEPS HEFUR VERIÐ LEIÐANDI Í FRAMLEIÐSLU Á
SNJÓFLÓÐAÝLUM OG TENGDUM BÚNAÐI Í 45 ÁR



Íslenski: Þróttastegi

Jetforce
snjóflóðabakpokarnir
eru að verða jafn
sjálfsagðir
og þrennan!



Kringlan 7 | Laugavegur 11 | Reykjavíkurvegur 64 | S: 510 9505 | fjallakofinn.is



**FJALLA
KOFINN**



ÞÚ FERÐ
ALLA LEIÐ
MEÐ OKKUR!

